11
4. maí

8. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út gærur án þess að gæta fyrirmæla þessara laga um mat og merkingu þeirra, skal sæta sektum frá 200 til 20000 kr. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

12
15. maí

LÖG

um íþróttakennaraskóla Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skólinn heitir íþróttakennaraskóli Íslands. Heimili hans er að Laugarvatni.

2. gr.

Verksvið skólans er að mennta karla og konur til þess að annast íþróttakennslu í skólum og félögum.

3. gr.

Námsgreinir skólans skulu vera sem hér segir:

A. Verklegt: Leikfimi, sund, íslenzk glíma, frjálsar íþróttir, knattleikir, leikir, skíða- og skautafimi, róður og sigling.

B. Bóklegt: Íslenzka og íslenzkar bókmenntir, líkamsfræði, kennslufræði, efnafræði, hjálp í viðlögum, íþróttafræði, sálarfræði, uppeldisfræði.

Enn fremur hreinlæti, framkoma og kurteisisreglur, bindindisfræði, gerð íþróttamannvirkja, leikreglur og íþróttareglur, íþróttalíf og íþróttasamkeppni.

4. gr.

Kennsluár íþróttakennaraskóla Íslands er 9 mánuðir, frá októberbyrjun til júníloka. Þar skulu vera starfræktar tvær ársdeildir, önnur fyrir íþróttakennara, sem einir hafa rétt til starfa við ríkisskólana, en hin fyrir áhugamenn í íþróttum og fyrir væntanlega íþróttaleiðtoga, er starfa við ýmiss konar frjálsan íþróttafélagsskap. Auk þess má starfrækja í íþróttakennaraskóla Íslands íþróttanámskeið um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem skólanefnd ákveður og fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Um námskröfur allar, hvert skilyrði um inngöngu í skólann og burtfararpróf skulu sett ákvæði í reglugerð.

6. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands skal starfræktur á kostnað ríkisins. Heimilt er kennslumálaráðuneytinu, í samráði við skólanefnd, að ákveða kennslugjald fyrir nemendur.

7. gr.

Þriggja manna nefnd stjórnar skólanum, undir yfirstjórn fræðslumálastjóra og kennslumálaráðuneytisins. Í skólanefnd eiga sæti íþróttafulltrúi ríkisins, og er hann formaður, skólastjóri héraðsskólans á Laugarvatni og þriðji maður, er kennslumálaráðuneytið tilnefnir.

8. gr.

Ráða má þrjá fásta starfsmenn við íþróttakennaraskólann, skólastjóra og tvo fasta kennara. Skulu þessir starfsmenn hafa aflað sér þeirrar menntunar í kennslugreinum sínum, sem Íslendingar geta bezta fengið á hverjum tíma. Skólastjóri og kennarar íþróttakennaraskólans njóta sömu launakjara og hliðstæðir starfsmenn við kennaraskóla Íslands.

Aukakennara og tímakennara getur skólastjóri ráðið, með samþykki skólanefndar, eftir því sem fé er heimilað í fjárlögum.

9. gr.

Um ráðningu og uppsögn skólastjóra og fastra kennara við íþróttakennaraskólann skulu gilda sömu ákvæði og um hliðstæð störf unnin við héraðsskólann á Laugarvatni.

10. gr.

Áður en ríkið leggur fram fé til nauðsynlegra húsakynna, íþróttavalla og íþróttatækja skólanum til handa, skal kennslumálaráðuneytið hafa gert samning við skólanefnd héraðsskólans á Laugarvatni um alla aðstöðu íþróttakennaraskólans á Laugarvatni, um leiguafnot af landi og náttúrugæðum, um skiptingu á kostnaði við sameiginleg afnot húsa og íþróttatækja, sem báðir skólarnir nota við daglegan rekstur. Sáttmála þennan skal taka til endurskoðunar fimmta hvert ár. Nú verða aðilar ekki ásáttir um skipti sín, og skal þá þriggja manna nefnd leggja á fullnaðarúrskurð, sem er bindandi um næstu fimm ár. Í þeim gerðardómi eiga sæti formaður skólanefndar héraðsskólans á Laugarvatni, íþróttafulltrúi ríkisins og formaður, sem er tilnefndur af forseta sameinaðs Alþingis.

11. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Með þeim eru felld úr gildi eldri lagaboð, sem ekki samrýmast þessum lögum.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.